

**Sp.**

**436. Fyrirspurn**

[258. mál]

til viðskiptaráðherra um eiginfjárstöðu banka og sparisjóða o. fl.

Frá Jöhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var eiginfjárstaða einstakra banka og sparisjóða á árunum 1982, 1983 og 1984, og hvert er hlutfall fjármunamyndunar af eigin fé þeirra á þessum þrem árum?
2. Hversu mikið af eigin fé einstakra banka og sparisjóða er bundið í varanlegum rekstrarfjármunum?
3. Hverjar eru skuldbindingar viðskiptabanka og sparisjóða vegna lífeyrisréttinda starfsmanna og hvaða áhrif hafa þær skuldbindingar á eiginfjárstöðu stofnananna og reikningsskil í árslok?
4. Hversu hátt hlutfall af eigin fé bankastofnana telur viðskiptaráðherra eðlilegt að sé bundið í fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum?
5. Hversu margar umsóknir liggja fyrir um stofnun nýrra bankaútibúa og sparisjóða?
6. Hvaða stofnanir eru það sem lagt hafa inn slíkar beiðnir?